

## GJALDSKRÁ

### fyrir Lögbirtingablað.

#### 1. gr.

Samkvæmt 3. mgr. 6. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15 10. mars 2005, eru gjöld fyrir auglýsingar sem birtast í Lögbirtingablaði hér með ákveðin þannig:

1. Fyrir auglýsingar í eftirtöldum flokkum sem sendar eru inn í gegnum almennt auglýsingaform í auglýsingakerfi Lögbirtingablaðsins greiðast 2 kr. fyrir stafabil, hvert slag:

Áskorun	Kaupmáli
Auglýsing/tilkynning frá ráðuneyti	Laus störf, stöður, embætti o.fl.
Auglýsing/tilkynning varðandi	Mat á umhverfisáhrifum
fjármálastarfsemi	Nauðasamningar
Dómsbirting	Skipulagsauglýsing
Embætti, sýslanir, leyfi o.fl.	Starfsleyfi
Fasteigna-, fyrirtækja- og skipasala	Stefna
Félagsslit	Svipting fjárræðis
Framhald uppboðs	Umferðarauglýsingar
Fyrirkall	Vátryggingafélagaskrá/ vátryggingamiðlaraskrá
Greiðsluáskorun	Veðhafafundur
Happdrætti	Ýmsar auglýsingar og tilkynningar
Húsbréf	
Innkallanir (aðrar en þrotabúa og dánarbúa)	

2. Fyrir eftirtaldar auglýsingar greiðist sem hér segir:

Auglýsing frá hlutafélagaskrá (nýskráning, aukatilkynning, samruni, skipting)	1.000 kr. fyrir hverja tilkynningu
Búffjármarkaskráning	500 kr. fyrir hvert búffjármark
Firmaskráning	1.000 kr. fyrir hverja firmatilkynningu
Innköllun dánarbús, þrotabús	1.000 kr. fyrir hvert bú
Nauðungarsala	1.000 kr. fyrir hverja eign
Skiptafundur dánarbús, þrotabús	1.000 kr. fyrir hverja auglýsingu
Skiptalok dánarbús, þrotabús	1.000 kr. fyrir hverja auglýsingu

3. Annað:

Undanþegin gjaldskyldu eru skiptalok í búum þar sem innkallanir hafa verið birtar fyrir 1. júlí 2005.

Einungis er greitt fyrir 1. birtingu auglýsinga sem skylt er skv. lögum að birta oftar.

Heimilt er að innheimta allt að tvöfalt verð auglýsingar vegna vinnu við innslátt eða uppsetningu. Heimilt er að innheimta álag þótt auglýsing hafi verið afturkölluð.

Gjald vegna fylgiskjals sem birtist með auglýsingu er kr. 5.000.

#### 2. gr.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15 10. mars 2005, er gjald fyrir áskrift að Lögbirtingablaði sem hér segir:

1. Áskrift að prentaðri útgáfu Lögbirtingablaðs er kr. 12.000 fyrir árið.
2. Verð einstakra prentaðra tölublaða er kr. 250.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem kemur í stað gjaldskrár nr. 624 frá 30. júní 2005, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. júlí 2005.*

**Björn Bjarnason.**

Ragna Árnadóttir.